

Rammasamningur

milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og tannlækna um nauðsynlegar tannlækningar vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma.

1. gr. Gildissvið

Samningur þessi er gerður á grundvelli laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, laga nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga og laga nr. 123/2015 um opinber fjármál.

Samningurinn tekur til nauðsynlegra tannlækninga, annarra en tannréttinga, fyrir sjúkratryggða, sem veitt er af löggiltum tannlæknum sem uppfylla skilyrði samnings þessa, sbr. 3. gr., vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma, sbr. 20. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og III. kafla reglugerðar nr. 451/2013, um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlækningar, sbr. síðari breytingar.

Áður en meðferð, önnur en bráðameðferð, hefst skal sækja um greiðsluþátttöku til SÍ. Þau tilvik sem falla undir samning þennan eru talin upp í III. kafla ofangreindrar reglugerðar. Með umsókn skal fylgja stutt sjúkrasaga, aðgerðaáætlun, áætlaður kostnaður við hana og áætlaður meðferðartími.

Reglugerð nr. 451/2013 tekur nú til eftirtalinnar tilvika, enda sé um að ræða alvarlegar afleiðingar meðfæddra galla eða sjúkdóma:

1. Meðfæddrar vöntunar einnar eða fleiri fullorðinstanna framan við endajaxla, sbr. þó 14. gr. reglugerðar nr. 451/2013
2. Vansköpunar fullorðinstanna framan við endajaxla sem leiðir til alvarlegra útlitsgalla eða starfrænna truflana tyggingarfæra
3. Rangstæðra tanna sem hafa valdið eða eru líklegar til að valda alvarlegum skaða
4. Alvarlegra einkenna frá kjálkaliðum eða tyggivöðvum
5. Alvarlegrar sýrueyðingar glerungs og tannbeins fullorðinstanna framan við endajaxla
6. Alvarlegs niðurbrots á stoðvefjum tanna framan við endajaxla
7. Alvarlegra tannskemmda sem leiða af varanlegri alvarlega skertri munnvatns-framleiðslu af völdum geislameðferðar, Sjögrens-sjúkdóms eða lyfja. Mæling á magni og samsetningu munnvatns skal fylgja umsókn
8. Annarra sambærilegra alvarlegra tilvika

Einnig tekur reglugerðin til alvarlegra afleiðinga slysa þegar bætur þriðja aðila, þ.m.t. vátryggingafélaga, fást sannanlega ekki greiddar og slysatryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar bæta ekki kostnað, sbr. þó 16. gr. reglugerðar nr. 451/2013. Áverkavottorð, gert af þeim tannlækni sem sinnti umsækjanda fyrst eftir slysi, skal fylgja umsókn um þátttöku SÍ í kostnaði vegna slysa. Undir samning þennan falla gjaldliðir sem tilgreindar eru í gjaldskrá, sbr. fylgiskjal I með samningi þessum.

2. gr. Orðskýringar

- Gjaldskrá:** Gjaldskrá er listi yfir tannlæknisverk sem heimilt er að beita á grundvelli sammings þessa.
- Gjaldskrárnúmer:** Númer tannlæknisverks, aðgerðar.
- Aðgerðaskrá og aðgerðanúmer:** Skrá yfir aðgerðir og aðgerðanúmer sem Sjúkratryggingar Íslands, Tannlæknafélag Íslands og Tannréttingafélag Íslands, fyrir hönd tannlækna, hafa samið um að nota.

3. gr. Aðild

Tannlæknar sem hafa starfsleyfi á Íslandi og önnur tilskilin leyfi frá Embætti landlæknis, og fullnægja kröfum sammings þessa, geta óskað eftir að verða aðilar að samningnum með því að senda um það erindi til SÍ þar sem sýnt er fram á að umsækjandi fullnægi skilyrðum sammingsins, sbr. fylgiskjal II. Einnig geta félagsmenn í TFÍ, sem veitt hafa félaginu umboð, gerst aðilar að samningi þessum með því að TFÍ sendi SÍ tilkynningu um aðild að samningnum og lista yfir viðkomandi tannlækna.

4. gr. Skyldur sammingsaðila

Þjónusta sú, sem samningur þessi tekur til, skal unnin af tannlæknum sem hlotið hafa staðfestingu Embættis landlæknis (EL), sbr. lög nr. 41/2007 um landlækni og lýðheilsu og lög nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn, sbr. einnig reglugerð nr. 1121/2012 um menntun, réttindi og skyldur tannlækna og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi.

Tannlæknar skulu gæta ýtrustu hagkvæmni gagnvart sjúkratryggingum landsmanna með hliðsjón af viðurkenndum fræðum í tannlæknaþjónustu. Þeir skulu uppfylla opinberar kröfur um faglega þjónustu, rekstur og eftirlit. Tannlæknar skulu starfa samkvæmt klínískum leiðbeiningum og eftir viðurkenndum starfsháttum.

Tannlæknar skulu þekkja lög og reglugerðir sem gilda um heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisþjónustu og önnur lög og stjórnvaldsfyrirmæli eftir því sem við á, sbr. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1121/2012. SÍ skulu upplýsa tannlækna um lög og reglur varðandi réttindi sjúkratryggðra til greiðsluþátttöku vegna tannlækninga ef tannlæknir óskar þess.

Tannlækni ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og faglegri færni og tileinka sér nýjungar er varða starfið, sbr. 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1121/2012. Tannlækni ber að stunda virka símenntun, sbr. skilyrði VEIT (Virk endurmenntun íslenskra tannlækna).

Samningur þessi byggir á því að í gildi sé samningur/-ar um faglegt samstarf milli SÍ og tannlækna. Tannlæknir sem gerist aðili að samningi þessum og er aðili að TFÍ skal hlíta niðurstöðu samstarfsnefndar skv. samstarfssamningi milli SÍ og TFÍ, dags. 23. ágúst 2018, sbr. síðari breyting.

5. gr.
Gjaldskrá

Verð fyrir umsamda þjónustu er tilgreint í meðfylgjandi gjaldskrá, sjá fylgiskjal 1 með samningi þessum.

Fjárhæðir í gjaldskrá skulu breytast tvisvar sinnum á ári eða þann 1. janúar og 1. júlí ár hvert, í fyrsta sinn 1. janúar 2022. Skulu þær taka breytingum á sama grunni og með sama hætti og fjárhæðir í gjaldskrá með samningi SÍ um tannlækningar barna frá 11. apríl 2013.

Sé tannlæknisverk ekki tiltekið í gjaldskrá SÍ eða reglur takmarka endurgreiðslu einhverra gjaldliða hennar greiðir sjúklingur tannlækni þann hluta meðferðar að fullu sjálfur, enda sé honum gerð grein fyrir eigin kostnaðarþætti áður en meðferð fer fram. Verðlagning tannlæknis skal vera frjáls fyrir þessar aðgerðir og skulu þær ekki koma fram á reikningi til SÍ.

6. gr.
Greiðslur sjúkratryggðra

Fyrir þjónustu samkvæmt samningi þessum greiðir sjúkratryggður gjald eins og það er ákveðið í reglugerð hverju sinni, sbr. nú reglugerð nr. 451/2013 með síðari breytingum.

7. gr.
Greiðsluþátttaka SÍ

Fyrir þjónustu samkvæmt samningi þessum greiða SÍ það sem á vantar að greiðsla sjúkratryggðs skv. 6. gr. nemi fullri þóknun, sbr. 5. gr.

8. gr.
Reikningar

Reikningar skulu uppfylla skilyrði laga og reglna á hverjum tíma. Á reikningi skal m.a. koma fram nafn og kennitala sjúkratryggðs, hvaða dag verk fór fram, hvaða tannlæknir vann verkið, aðgerðar- og/eða gjaldskrárliður, heildarverð og greiðsla sjúkratryggðs. Fyrirtækjum sem eru í meirihluta eigu tannlækna er við þau starfa skal vera heimilt að senda SÍ reikninga fyrir verk sem unnin eru af tannlæknum sem eru aðilar að samningi þessum.

Sjúkratryggður eða aðstandandi hans skal staðfesta reikning með undirskrift sinni við hverja heimsókn og fá afrit reiknings. Tannlæknar varðveita frumrit reikninga með staðfestingu sjúklings með öruggum og aðgengilegum hætti, eða eftir atvikum tryggja varðveislu ef um rafræna undirskrift er að ræða, í samræmi við almennar bókhaldsreglur. Stefnt skal að rafrænum undirskriftum þar sem því verður við komið.

Tannlæknar skulu senda nauðsynlegar reikningsupplýsingar til SÍ, án milligöngu hins sjúkratryggða, rafrænt yfir netið. Við sendingu rafrænna reikningsupplýsinga ber að fara eftir samningi SÍ og Tannlæknafélags Íslands (TFÍ) um rafræn samskipti og aðgerðarskrá.

Reikningsupplýsingar skulu almennt sendar SÍ sama dag og verk er unnið en eigi síðar en 28 dögum síðar.

9. gr.
Skráning upplýsinga

Um færslu og varðveislu sjúkraskráa tannlæknis gilda lög nr. 55/2009 um sjúkraskrár, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 1121/2012.

Tannlæknum ber að skrá í sjúkraskrá upplýsingar um hvern sjúkling og veitta meðferð. Um aðgang að sjúkraskráum færðum af tannlækni gilda ákvæði 46. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

10. gr. Ábyrgð

Tannlæknum ber að hafa fullnægjandi starfsábyrgðar- og sjúklingatryggingu hjá viðurkenndu váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi á Íslandi.

11. gr. Eftirlit

Í samræmi við 1. mgr. 45. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar skulu SÍ hafa eftirlit með starfsemi samningsaðila sem miðar að því að tryggja að tegundir, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustu sé í samræmi við gerða samninga. Stofnunin hefur samráð við landlækni um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits.

Eftirlit SÍ getur m.a. falist í greiningu innsendra gagna, bréfaskiptum við tannlækna og heimsóknum á starfsstofur. Tannlæknum er skylt að veita tannlæknum SÍ eða eftir atvikum öðrum heilbrigðisstarfsmönnum SÍ þær upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar vegna greiðslna skv. samningi þessum og vegna eftirlitshlutverks stofnunarinnar.

Landlæknir hefur eftirlit með að framangreind þjónusta uppfylli faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu og uppfylli ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma.

12. gr. Vanefndir og aðgerðir vegna vanefnda

Komi í ljós verulegur misbrestur á því að tannlæknir uppfylli skyldur sínar skv. samningi þessum hafa SÍ heimild til að rifta honum gagnvart viðkomandi tannlækni og heimta bætur fyrir fjártjón af honum.

Með sama hætti skal tannlækni heimilt að rifta samningi þessum gagnvart SÍ ef verulegur misbrestur verður á því að stofnunin uppfylli skyldur sínar skv. honum. Heimild aðila til að heimta bætur á einnig við eftir að samningi aðila lýkur.

Sannist vanefndir skulu aðgerðir SÍ vegna þeirra byggjast á málefnalegum sjónarmiðum, sbr. 48. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

Verði vanefndir á samningsskyldum tannlækns er SÍ heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum vanefndarúrræðum. Leiti verksali nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða sé úrskurðaður gjaldþrota, eða sé andlag árangurslauss fjárnáms geta SÍ sagt samningi upp gagnvart honum án frekari fyrirvara.

Missi verksali rekstrarleyfi sitt fellur samningur þessi úr gildi gagnvart honum.

Verði um ítrekaðar eða stórfelldar vanefndir af hálfu verksala að ræða geta SÍ sagt upp samningi þessum gagnvart honum án fyrirvara.

Til vanefnda á samningi þessum getur m.a. talist:

1. Hafi verksali ekki viðeigandi starfsleyfi (löggildingu) í samræmi við lög og reglugerðir
2. Ef trúnaðar- og/eða þagnarskylda í samræmi við lög nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga er ekki virt
3. Ef gæði þjónustunnar er ekki í samræmi við gagnreynda þekkingu á sviði heilbrigðisþjónustu

4. Ef ítrekaðar réttmætar kvartanir berast frá sjúkratryggðum um að þeir fái ekki viðeigandi úrlausn hvað varðar þjónustu
5. Sé tannlæknir ekki með gilda starfsábyrgðar- og sjúklingatryggingu skv. 10. gr.
6. Ef skráning í sjúkraskrá uppfyllir ekki ákvæði laga og reglugerða
7. Ef reikningsgerð á hendur SÍ er ekki í samræmi við veitta þjónustu á grundvelli gjaldskrár eða ef reikningsupplýsingar eru ekki í samræmi við ákvæði samnings og gildandi reglna
8. Ef verksali gætir ítrekað ekki ítrustu hagkvæmni gagnavart sjúkratryggingum landsmanna
9. Ef gerð skýrslna eða útgáfa vottorða stangast á við ákvæði laga eða reglugerða

13. gr. Uppsögn og fleira

Tannlækni, sem ekki vill lengur starfa samkvæmt samningi þessum, ber að tilkynna það skriflega til SÍ með eins mánaðar fyrirvara miðað við mánaðamót. Einnig getur TFÍ samkvæmt umboði sagt upp samningi þessum fyrir hönd félagsmanna sinna.

SÍ er heimilt með sama uppsagnarfresti að segja samningi þessum upp gagnvart tannlækni, sem hefur orðið uppvís að misbeitingu gjaldskrár eða uppfyllir ekki skyldur sínar skv. samningnum að öðru leyti, að undangenginni skriflegri aðvörun.

Sé um stórkostlegt misferli hjá tannlækni að ræða, geta SÍ fyrirvaralaust sagt upp samningnum gagnvart honum. Skal það tilkynnt tannlækninum bréflega.

Komi til bótakröfu SÍ á hendur tannlækni er viðurkenndur réttur stofnunarinnar til að annast einnig kröfu vegna greiðsluhluta þess sjúkratryggða.

14. gr. Dómsmál

Rísi mál út af samningi þessum skal það lagt fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

15. gr. Gildistími

Samningur þessi gildir frá og með 15. júlí 2021 til og með 30. september. 2022. Hann öðlast þó ekki gildi fyrr en hann hefur verið staðfestur af heilbrigðisráðherra.

Áður en samningstíma lýkur skulu SÍ gera sérstaka úttekt á framkvæmd samningsins, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 510/2010, þar sem metið er hvernig til hafi tekist á samningstímanum. Sú úttekt skal lögð til grundvallar þegar tekin er ákvörðun um endurnýjun hans og þegar lagt er mat á hvort breytinga er þörf.

16. gr.
Fyrirvarar

Fjárhæðir í samningi þessum eru settar fram með fyrirvara um fjárveitingar grundvallaðar á ákvörðun Alþingis um fjárheimildir í fjárlögum og með fyrirvara um að stjórnvöld kunni að ákveða aðrar viðmiðanir við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma. Þannig er heimilt að gera ráð fyrir aðhaldi eða hagræðingu í rekstri þeirra verkefna sem samningurinn tekur til á sama hátt og í málaflokkum, hjá ríkisstofnunum og öðrum aðilum sem annast sambærilega starfsemi taki stjórnvöld ákvörðun um það við gerð fjárlaga. Komi til lækkunar á fjárveitingu skal aðlaga verkefnið að breyttri fjárveitingu.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um staðfestingu heilbrigðisráðherra.

Reykjavík, 6. júlí 2021

Samningur þessi er undirritaður með rafrænum hætti.

Gjaldskrá

Gjaldnr.	Heiti verks	Verð (kr.)
	Skoðun	
001	Viðtal	6.190 kr.
002	Bráðahjálp	6.190 kr.
003	Skoðun nýs sjúklings	9.250 kr.
004	Áfangaeftirlit	6.190 kr.
005	Tilvísun	3.060 kr.
006	Umsókn eða áverkavottorð til Sjúkratrygginga Íslands	6.190 kr.
007	Greinargerð að ósk Sjúkratrygginga Íslands	12.380 kr.
011	Tannrótarmynd	3.547 kr.
012	Bitmynd	3.547 kr.
013	Heildarröntgen, fullorðinstennur, amk. 10 smámyndir	26.381 kr.
018	Röntgenstórmynd (OPG o.þ.h.)	8.456 kr.
019	Svæðisbundin sneiðmynd af kjálkabeini	26.381 kr.
024	Ljósmynd	1.010 kr.
030	Yfirborðsdeyfing	1.461 kr.
031	Ísúnardeyfing	2.156 kr.
032	Svæðisdeyfing	3.617 kr.
035	Glaðloft og sefjun með lyfjagjöf	6.190 kr.
040	Aðlögunarmeðferð	6.190 kr.
041	Meðhöndlun á tannlæknisfælni	18.570 kr.
052	Vefjasýni úr mjúkvef, sjálfstæð aðgerð	18.570 kr.
052T	Rannsóknakostnaður skv. reikningi	
053	Vefjasýni úr yfirborði beinvefs, sjálfstæð aðgerð	41.729 kr.
053T	Rannsóknakostnaður skv. reikningi	
054	Vefjasýni úr mjúkvef tekið samfara aðgerð	6.190 kr.
054T	Rannsóknakostnaður skv. reikningi	
055	Vefjasýni úr beini tekið samfara aðgerð	9.285 kr.
055T	Rannsóknakostnaður skv. reikningi	
060	Vitjun / bráðaútkall	12.380 kr.
090	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar	
	Forvarnir	
101	Fræðsla, leiðbeiningar	6.190 kr.
104	Tannsteinn, tannskýla og litur fjarlægður af tönnum, hvor gómur	6.190 kr.
112	Flúormeðferð fullorðinna, hvor gómur	6.190 kr.
113	Meðhöndlun viðkvæmra tannhálsa, 1-4 tennur	6.190 kr.
114	Meðhöndlun viðkvæmra tannhálsa, fleiri en 4 tennur	9.285 kr.
190	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar	
	Fyllingar	
201	Tannlit fylling, 1 flötur	18.744 kr.
212	Tannlit fylling, 2 fletir	25.726 kr.
213	Tannlit fylling, 3 fletir	28.017 kr.
214	Tannlit fylling, 4 eða fleiri fletir	30.158 kr.
215	Viðgerð á eldri fyllingu	11.509 kr.
231	Silfurlendisfylling, 1 flötur	18.048 kr.
232	Silfurlendisfylling, 2 fletir	23.820 kr.

233	Silfurblendisfylling, 3 fletir	25.942 kr.
235	Silfurblendisfylling, 4 eða fleiri fletir	27.924 kr.
241	Bithækkun með plasti, hver tönn	16.312 kr.
245	Bráðabirgðafylling	6.607 kr.
251	Spelkun tanna	24.725 kr.
255	Bráðabirgðatönn fest í skarð	34.142 kr.
256	Stifti í tannbein	6.190 kr.
257	Stifti í rótargang úr málm, trefjaplasi eða keramik	18.629 kr.
258	Stál- eða plastkróna	21.839 kr.
260	Gúmmíúkur	2.156 kr.
290	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar	
Rótfyllingar		
311	Kvikunám, 1 gangur	18.570 kr.
312	Kvikunám, 2 gangar í sömu tönn	24.725 kr.
313	Kvikunám, 3 gangar í sömu tönn	34.010 kr.
314	Kvikunám, 4 eða fleiri gangar í sömu tönn	43.330 kr.
315	Útvíkkun, 1 rótargangur	15.023 kr.
316	Útvíkkun, 2 rótargangar	20.485 kr.
317	Útvíkkun, 3 rótargangar	25.948 kr.
318	Útvíkkun, 4 eða fleiri rótargangar	32.776 kr.
319	Gömul rótfylling fjarlægð og útvíkkun, hver gangur	26.290 kr.
320	Rótfylling, 1 gangur	23.360 kr.
321	Rótfylling, 2 gangar í sömu tönn	26.702 kr.
322	Rótfylling, 3 gangar í sömu tönn	36.730 kr.
323	Rótfylling, 4 eða fleiri gangar í sömu tönn	46.797 kr.
325	Kvikunám, útvíkkun og rótfylling í einni setu, 1 gangur	36.730 kr.
326	Kvikunám, útvíkkun og rótfylling í einni setu, 2 gangar í sömu tönn	46.758 kr.
327	Kvikunám, útvíkkun og rótfylling í einni setu, 3 gangar í sömu tönn	60.129 kr.
328	Kvikunám, útvíkkun og rótfylling í einni setu, 4 eða fleiri gangar	66.852 kr.
390	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar	
Tannvegslækningar		
401	Pokamæling, skráning og greining, hvor gómur	12.380 kr.
402	Endurmat að lokinni hreinsun eða tannholdsáðgerð, hvor gómur	12.380 kr.
405	Frum djúphreinsun og ratarheflun tanna hjá tannhaldssjúklingi, hver fjórðungur 1-4 tennur	30.916 kr.
406	Frum djúphreinsun og ratarheflun tanna hjá tannhaldssjúklingi, hver fjórðungur fleiri en 4 tennur	46.388 kr.
407	Viðhaldsmeðferð hjá tannhaldssjúklingum	26.424 kr.
420	Flipaaðgerð án beinmótunar og sambærilegar aðgerðir, fleiri en 4 tennur	102.347 kr.
420T	Himna eða gervibein skv. reikningi	
422	Flipaaðgerð, 1-4 tennur og aðrar sambærilegar minniháttar aðgerðir	56.958 kr.
422T	Himna eða gervibein skv. reikningi	
427	Tannholdsskurður, fleiri en 4 tennur	45.208 kr.
428	Tannholdsskurður, 1-4 tennur	33.890 kr.
431	Krónulenging, fyrsta tönn	39.498 kr.

432	Krónulenging, viðbótartönn	12.380 kr.
453	Tannholdsgræðlingur	81.620 kr.
457	Beinmótun, fjórðungur munns	17.354 kr.
457T	Himna eða gervibein skv. reikningi	
490	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar	
	Munn- og kjálkaskurðlækningar	
500	Hæg tönn eða rót dregin, hver tönn	10.748 kr.
501	Úrdráttur tannar eða rótar með meira en hálfa beinfestu	20.969 kr.
502	Hæg tönn eða rót dregin, viðbótartönn	6.952 kr.
503	Úrdráttur tannar eða rótar, viðbótartönn	11.852 kr.
504	Uppkomin tönn klofin og fjarlægð	27.519 kr.
507	Tanndeiling og brotnám rótar samhliða flipaaðgerð	18.234 kr.
510	Tönn, uppkomin að fullu eða hluta, fjarlægð með skurðaðgerð	37.105 kr.
511	Tönn, beinlæg að hluta, fjarlægð með skurðaðgerð	44.509 kr.
512	Tönn, beinlæg að fullu, fjarlægð með skurðaðgerð	55.451 kr.
513	Beinlæg tönn fjarlægð í flókinni skurðaðgerð	65.315 kr.
526	Rótarendaaðgerð (rótarstytting)	49.486 kr.
528	Fylling í rótarenda samfara aðgerð #526	18.049 kr.
530	Tönn ígrædd og spengd eftir brottfall vegna áverka	53.794 kr.
531	Tönn ígrædd og spengd, viðbótartönn	12.380 kr.
532	Tönn rétt og spengd eftir los vegna áverka	44.509 kr.
533	Tönn rétt og spengd, viðbótartönn	12.380 kr.
534	Eftirmeðferð vegna tannáverka	6.190 kr.
535	Gert að áverkum á mjúkvefi	18.570 kr.
538	Aðskotahlutur fjarlægður úr mjúkvef	18.570 kr.
539	Aðskotahlutur fjarlægður úr beini	27.820 kr.
545	Beinaðgerð, Torus eða tuberaðgerð og sambærilegar	43.296 kr.
550	Lítið mein fjarlægt úr mjúkvef	27.820 kr.
551	Stórt mein fjarlægt úr mjúkvef	41.729 kr.
552	Mein fjarlægt úr mjúkvef, flókin aðgerð	53.856 kr.
553	Lítið belgmein fjarlægt úr beini	53.856 kr.
554	Opnað á belgmein og dreni komið fyrir	53.856 kr.
556	Lítið æxli fjarlægt úr beini	53.856 kr.
557	Tannplanti, fyrsti	145.424 kr.
557T	Tannplanti skv. reikningi	
558	Tannplanti, viðbótarplanti á sama aðgerðarsvæði	65.584 kr.
558T	Tannplanti skv. reikningi	
560	Stórt belgmein fjarlægt úr beini	71.234 kr.
561	Stórt æxli fjarlægt úr beini	71.234 kr.
562	Æxli fjarlægt úr beini, flókin skurðaðgerð	116.578 kr.
567	Kragaaðgerð við tannplanta	18.570 kr.
567T	Aðkeyptir íhlutir	
568	Kragaaðgerð við viðbótartannplanta	9.285 kr.
568T	Aðkeyptir íhlutir	
570	Vefur saumaður	7.754 kr.
571	Upphreinsun á nekrótísku beini 1-4 tanna bil	34.386 kr.
572	Upphreinsun á nekrótísku beini 5-8 tanna bil	68.772 kr.
573	Upphreinsun á nekrótísku beini meira en 8 tanna bil	103.158 kr.
574	Eftirlit eftir upphreinsun á nekrótísku beini	6.190 kr.

577	Fyrsti planti í hverjum fjórðungi undir heilgóm	145.424 kr.
577T	Tannsmíðakostnaður skv. reikningi	
578	Viðbótarplanti, í sama fjórðung góms, undir heilgóm	65.584 kr.
578T	Tannsmíðakostnaður skv. reikningi	
580	Skorið á kýli	12.380 kr.
588	Beinrækt samfara plantaísetningu	26.440 kr.
588T	Íhlutir samkv. reikningi	
589	Beinrækt, sér aðgerð	78.701 kr.
589T	Íhlutir samkv. reikningi	
590	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar	
Krónu- og brúargerð		
614	Steypt keramikskel eða eðalmálmkróna	117.905 kr.
614T	Tannsmíðakostnaður skv. reikningi	
632	Stiftishetta undir ásetugóm	65.584 kr.
632T	Tannsmíðakostnaður skv. reikningi	
650	Stiftisuppygging, köstuð	43.399 kr.
650T	Tannsmíðakostnaður skv. reikningi	
655	Milli- eða svifliður í brú	52.731 kr.
655T	Tannsmíðakostnaður skv. reikningi	
660	Ætufest brú	93.830 kr.
660T	Tannsmíða og efniskostnaður vegna ætufestrar brúar	
680	Plantakróna	93.830 kr.
680T	Tannsmíða- og íhlutakostnaður skv. reikningi	
685	Endurlíming eldri krónu eða skeljar	20.470 kr.
690	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar	
Heilgóma- og partagerð		
701	Stakur heilgómur	135.055 kr.
701T	Tannsmíðakostnaður skv. reikningi	
702	Heilgómasett	246.622 kr.
702T	Tannsmíðakostnaður skv. reikningi	
703	Sáragómur	158.543 kr.
703T	Tannsmíðakostnaður skv. reikningi	
704	Ásetugómur	158.543 kr.
704T	Tannsmíðakostnaður skv. reikningi	
711	Bráðabirgðapartur með 1-3 tönnum	30.770 kr.
711T	Tannsmíðakostnaður skv. reikningi	
712	Bráðabirgðapartur með 4-7 tönnum	36.461 kr.
712T	Tannsmíðakostnaður skv. reikningi	
713	Stálpertur með einni eða fleiri tönnum	207.133 kr.
713T	Tannsmíðakostnaður skv. reikningi	
714	Bráðabirgðapartur með fleiri en 7 tönnum	52.848 kr.
714T	Tannsmíðakostnaður skv. reikningi	
715	Plantagómur í efri góm	234.820 kr.
715T	Tannsmíðakostnaður skv. reikningi	
716	Plantagómur í neðri góm	187.902 kr.
716T	Tannsmíðakostnaður skv. reikningi	
721	Fóðrun góms eða parts (relining)	63.769 kr.
721T	Tannsmíðakostnaður skv. reikningi	
722	Fóðrun góms eða parts (rebasing)	73.399 kr.

722T	Tannsmíðakostnaður skv. reikningi	
723	Bráðabirgðafóðrun góms	24.726 kr.
724	Skipt á fóðringu í ásetugómi, hver festa	6.190 kr.
724T	Tannsmíðakostnaður skv. reikningi	
729	Stækkun á plastparti um eina eða fleiri tennur	18.353 kr.
729T	Tannsmíðakostnaður skv. reikningi	
731	Stækkun á stálparti um eina eða fleiri tennur	24.204 kr.
731T	Tannsmíðakostnaður skv. reikningi	
736	Viðgerð á stálparti	21.994 kr.
736T	Tannsmíðakostnaður skv. reikningi	
740	Fóðrun plantagóms	83.382 kr.
740T	Tannsmíðakostnaður skv. reikningi	
742	Laus tanngervi merkt með kennitölu	6.508 kr.
742T	Tannsmíðakostnaður skv. reikningi	
744	Lagfæringar á lausum tanngervum vegna særinda í slímhúð	6.190 kr.
760	Lagfæring á lausum tanngervum úr plasti	18.570 kr.
760T	Tannsmíðakostnaður skv. reikningi	
790	Meðferð, skv. umsókn, sem ekki er talin annars staðar	
	Bitlækningar og bittæki	
921	Gnistursplata, bithækkunarplata	42.668 kr.
921T	Tannsmíðakostnaður skv. reikningi	
922	Hörð bitspelka	55.710 kr.
922T	Tannsmíðakostnaður skv. reikningi	
923	Mjúk bithlíf	18.570 kr.
923T	Tannsmíðakostnaður skv. reikningi	
926	Bitslípun	9.250 kr.

Aðkeypt tannsmíði, rannsóknavinna og implantíhlutir, sbr. gjaldnúmer sem merkt eru með T, skulu aðgreind sérstaklega á reikningi og eru ekki innifalin í klínískum aðgerðarliðum.

Fyrir meðferð, sem unnin er af viðurkenndum sérfræðingi í einhverri af eftirtöldum sérgreinum greiða sjúkratryggingar allt að 20% hærra gjald fyrir þau gjaldnúmer sem tiltekin eru við viðeigandi sérgrein hér að neðan:

Barnatannlækningar: Öll gjaldnúmer þegar sjúklingur er andlega þroskahamlaður.

Bitlækningar: # 001-040, 060, 101, 921-926.

Lyflækningar munnhols: # 001-060, 101, 580.

Munn- og kjálkaskurðlækningar: # 001-060, 101, 245, 250, 251, 301, 453, 457, 500-589.

Myndgreining munns og kjálka: # 001-018.

Samfélagstannlækningar: # 001-040, 060, 101-118.

Tann- og munnngervalækningar: # 001-040, 060, 101, 250, 251, 257, 258, 614-680, 701-760, 921, 926.

Tannfylling og tannsjúkdómálækningar: # 001-040, 060, 101-118, 201-260, 301, 306, 614, 650, 660,680.

Tannvegslækningar: # 001-052, 060, 101, 104, 401-457, 542-555, 557, 558, 570, 580-589.

Tannholslækningar: # 001-040, 060, 101, 251, 301-331, 526, 528, 530-535, 538-539, 570, 580.

Öldrunartannlækningar: Öll gjaldnúmer þegar tryggður sjúklingur er 67 ára eða eldri eða langsjúkur á sjúkrahúsi, hjúkrunarheimili eða hjúkrunarrými.

Um greiðslu Sjúkratrygginga Íslands gilda eftirfarandi takmarkanir:

Varðandi lýsingar á einstökum gjaldliðum vísast í samning SÍ og Tannlæknafélag Íslands (TFÍ) um rafræn samskipti og aðgerðaskrá.

Skoðun

001 Viðtal. Greiðist ekki með öðrum gjaldliðum og aðeins einu sinni í hverri heimsókn og mest tvisvar á hverjum 12 mánuðum.

002 Bráðahjálp. Greiðist mest þrisvar í hverri heimsókn.

003 Skoðun nýs sjúklings. Greiðist mest einu sinni fyrir hvern nýjan sjúkling tannlæknis.

004 Áfangaeftirlit. Greiðist mest einu sinni á hverjum 12 mánuðum.

005 Tilvísun. Greiðist mest einu sinni í hverri heimsókn.

006 Umsókn eða áverkavottorð til Sjúkratrygginga Íslands. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja samþykktá umsókn eða mótttekið áverkavottorð vegna slyss, sem er bótaskyld hjá SÍ.

007 Greinargerð að ósk SÍ. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja móttækna greinargerð. Greiðist ekki vegna skýringa sem SÍ kunna að óska eftir vegna reikningsfærslna tannlæknis eða ófullnægjandi upplýsinga í umsókn sjúklings.

011 Tannrótarmynd. Greiðist mest þrisvar á hverjum 12 mánuðum.

012 Röntgenbitmynd. Greiðist mest tvisvar á hverjum 12 mánuðum.

013 Heildarröntgen fullorðinstanna. Greiðist mest einu sinni á hverjum 24 mánuðum.

018 Röntgenstörmynd (OPG o.þ.h.). Greiðist mest einu sinni á hverjum 12 mánuðum.

019 Svæðisbundin sneiðmynd af kjálkabeini. Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

024 Ljósmynd. Greiðist mest átta sinnum á hverjum 12 mánuðum.

030 Yfirborðsdeyfing. Greiðist mest einu sinni fyrir hvern fjórðung í hverri heimsókn. Greiðist aðeins ef greitt er fyrir aðra meðferð í sama fjórðungi í sömu heimsókn, enda sé deyfing ekki innifalin í þeirri meðferð.

031 Ísúnardeyfing. Greiðist mest einu sinni fyrir hvern fjórðung í hverri heimsókn. Greiðist aðeins ef greitt er fyrir aðra meðferð í sama fjórðungi í sömu heimsókn, enda sé deyfing ekki innifalin í þeirri meðferð.

032 Svæðisdeyfing. Greiðist mest einu sinni fyrir hvern fjórðung í hverri heimsókn. Greiðist aðeins ef greitt er fyrir aðra meðferð í sama fjórðungi í sömu heimsókn, enda sé deyfing ekki innifalin í þeirri meðferð.

035 Glaðloft og sefjun með lyfjagjöf. Greiðist aðeins fyrir langsjúka eða andlega þroskahamlaða og aðeins einu sinni í hverri heimsókn.

040 Aðlögunarmeðferð. Greiðist aðeins fyrir langsjúka eða andlega þroskahamlaða og aðeins einu sinni í hverri heimsókn.

041 Meðhöndlun á tannlæknisfælni. Greiðist aðeins fyrir langsjúka eða andlega þroskahamlaða. Greiðist ekki með öðrum aðgerðaliðum í sömu heimsókn. Greiðist mest þrisvar fyrir hvern einstakling.

052-055 Vefjasýni og aðrar rannsóknir. Greiðist aðeins einu sinni í hverri heimsókn.

060 Vitjun / bráðaútkall. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja vitjun eða útkall.

Forvarnir

101 Fræðsla, leiðbeiningar. Greiðist mest einu sinni á hverjum 12 mánuðum. Greiðist ekki samfara gjaldskrárnúmerum 701 – 716, 921 eða 922.

104 Tannsteinn, tannskýla og litur fjarlægður af tönnum, hvor gómur. Greiðist mest tvisvar í hverri heimsókn og mest fjórum sinnum á hverjum 12 mánuðum. Greiðist ekki með gjaldskrárnúmeri 112.

112 Flúormeðferð fullorðinna, hvor gómur. Greiðist aðeins fyrir sjúklinga í sérstakri áhættu vegna tannátu og mest fjórum sinnum á hverju 12 mánaða tímabili.

113 Meðhöndlun viðkvæmra tannhálsa, 1-4 tennur. Greiðist mest tvisvar á hverju 12 mánaða tímabili.

114 Meðhöndlun viðkvæmra tannhálsa, fleiri en 4 tennur. Greiðist mest tvisvar á hverju 12 mánaða tímabili.

Fyllingar

Fylling, skv. gjaldskrárnúmerum 201 – 235, greiðist ekki ef minna en þrjú ár eru liðin frá því að fylling eða skorufylla var greidd í sama flöt tannar. Á reikning skal skrá fyllingu á númer þeirrar tannar, og fleti hennar, samkvæmt ISO staðli 3950, sem gert var við.

201-214 Tannlitar fyllingar

215 Viðgerð á eldri fyllingu

231-235 Silfurblendisfyllingar

241 Bithækkun með plasti, hver tönn. Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.

245 Bráðabirgðafylling. Greiðist ekki með gjaldskrárnúmerum fyrir rótfyllingar (301–399).

251 Spelkun tanna. Greiðist mest þrisvar sinnum á hverju 24 mánaða tímabili fyrir hvern sjöttung munns. Verkið skal skrá á númer þess sjöttungs sem spelkaður er.

255 Bráðabirgðatönn fest í skarð. Greiðist ekki með gjaldskrárnúmerum fyrir krónu- og brúargerð (601-660). Greiðist mest einu sinni á hverjum 36 mánuðum fyrir hverja tönn.

- 256 Tannbeinsstifti (parapúlpapinni).** Greiðist mest tvisvar með hverri fyllingu.
- 257 Staðlað rótarstifti.** Greiðist mest tvisvar með hverri fyllingu.
- 258 Stál- eða plastkróna.** Greiðist ekki með gjaldskrárnúmerum fyrir krónu- og brúargerð (601-680). Greiðist mest einu sinni á hverjum 36 mánuðum fyrir hverja tönn.
- 260 Gúmmídúkur.** Greiðist mest einu sinni fyrir hvern fjórðung munns í hverri heimsókn. Greiðist aðeins ef greitt er fyrir gjaldskrárnúmer 201-235 í sömu heimsókn.

Rótfyllingar

Greiðsla miðast við að í verði gjaldskrárnúmera í þessum kafla séu innifaldar röntgenmyndir, deyfing, gúmmídúkur og bráðabirgðafylling. Varðveita skal röntgenmyndir af tönn fyrir og eftir meðferð. Gjaldskrárnúmer skal skrá á númer þeirrar tannar sem unnið er við hverju sinni. Gjaldskrárnúmer 310 – 318 og 320 – 328 greiðast ekki ef minna en 3 ár eru liðin frá því að eitthvert gjaldskrárnúmera 320 – 328 hefur verið greitt.

- 311 Kvikunám, 1 gangur.** Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.
- 312 Kvikunám, 2 gangar.** Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.
- 313 Kvikunám, 3 gangar.** Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.
- 314 Kvikunám, 4 eða fleiri gangar.** Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.
- 315 Útvíkkun, 1 gangur.** Greiðist mest tvisvar fyrir hverja tönn en aðeins einu sinni í hverri heimsókn.
- 316 Útvíkkun, 2 gangar.** Greiðist mest tvisvar fyrir hverja tönn en aðeins einu sinni í hverri heimsókn.
- 317 Útvíkkun, 3 gangar.** Greiðist mest tvisvar fyrir hverja tönn en aðeins einu sinni í hverri heimsókn.
- 318 Útvíkkun, 4 eða fleiri gangar.** Greiðist mest tvisvar fyrir hverja tönn en aðeins einu sinni í hverri heimsókn.
- 319 Gömul rótfylling fjarlægð.** Greiðist mest einu sinni fyrir hvern gang tannar. Greiðist ekki með öðrum gjaldskrárnúmerum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn. Greiðist ekki af minna en þrjú ár eru liðin frá því að greitt var fyrir rótfyllingu sömu tannar.
- 320 Rótfylling, 1 gangur.** Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.
- 321 Rótfylling, 2 gangar.** Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.
- 322 Rótfylling, 3 gangar.** Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.
- 323 Rótfylling, 4 eða fleiri gangar.** Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki með öðrum gjaldskrárnúmerum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn.
- 325 Kvikunám og rótfylling, 1 gangur.** Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki með öðrum gjaldskrárnúmerum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn eða ef áður hefur verið greitt fyrir eitthvert gjaldskrárnúmer kaflans.
- 326 Kvikunám og rótfylling, 2 gangar.** Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki með öðrum gjaldskrárnúmerum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn eða ef áður hefur verið greitt fyrir eitthvert gjaldskrárnúmer kaflans.
- 327 Kvikunám og rótfylling, 3 gangar.** Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki með öðrum gjaldskrárnúmerum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn eða ef áður hefur verið greitt fyrir eitthvert gjaldskrárnúmer kaflans.
- 328 Kvikunám og rótfylling, 4 eða fleiri gangar.** Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki með öðrum gjaldskrárnúmerum kaflans fyrir sömu tönn í sömu heimsókn eða ef áður hefur verið greitt fyrir eitthvert gjaldskrárnúmer kaflans.

Tannvegslækningar

Greiðsla miðast við að í verði gjaldskrárnúmera þessa kafla séu innifalin deyfing, saumur, sáraumbúðir, saumataka og eftirmeðferð við liði 420-457. Meðferð skal skrá á númer þeirrar tannar eða þess svæðis munns sem unnið er við hverju sinni.

- 401 Pokamæling, skráning og greining, hvor gómur.** Greiðist mest einu sinni á hverjum 12 mánuðum.
- 402 Endurmat að lokinni hreinsun eða tannholdsaðgerð, hvor gómur.** Greiðist mest tvisvar á hverjum 36 mánuðum.
- 405 Frum djúphreinsun og ratarheflun tanna hjá tannhaldssjúklingi, hver fjórðungur með 1-4 tennur.** Greiðist mest einu sinni á hverjum 36 mánuðum fyrir hvern fjórðung.
- 406 Frum djúphreinsun og ratarheflun tanna hjá tannhaldssjúklingi, hver fjórðungur með fleiri en 4 tennur.** Greiðist mest einu sinni á hverjum 36 mánuðum fyrir hvern fjórðung.
- 407 Viðhaldsmeðferð hjá tannhaldssjúklingi.** Greiðist mest þrisvar sinnum á hverjum tólf mánuðum.
- 420 Flipaaðgerð án beinmótunar og sambærilegar aðgerðir, fleiri en 4 tennur.** Greiðist aðeins einu sinni fyrir hvern fjórðung í sömu heimsókn. Greiðist ekki ef minna en þrjú ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 420 eða 422 fyrir sama fjórðung.
- 422 Flipaaðgerð, 1-4 tennur.** Greiðist aðeins einu sinni fyrir hvern fjórðung í sömu heimsókn. Greiðist ekki ef minna en þrjú ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 420 eða 422 fyrir sama fjórðung.
- 427 Tannholdsskurður, fleiri en 4 tennur.** Greiðist mest einu sinni á hverjum 12 mánuðum fyrir hvern fjórðung.

- 428 Tannholdsskurður, 1-4 tennur.** Greiðist mest einu sinni á hverjum 12 mánuðum fyrir hvern fjórðung.
- 431 Krónulenging, fyrsta tönn.** Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.
- 432 Krónulenging, viðbótartönn.** Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.
- 453 Tannholdsgræðlingur.** Greiðist mest einu sinni á hverjum 12 mánuðum fyrir hvern fjórðung.
- 457 Beinmótun, bakflipi, gangaaðgerð eða vaxtarstýring,** samhliða flipaaðgerð. Greiðist mest einu sinni á hverjum þremur árum fyrir hvern fjórðung og aðeins samfara gjaldskrárnúmerum 420 eða 422.

Munn- og kjálkaskurðlækningar

Greiðsla miðast við að í gjaldskrárnúmerum kaflans sé innifalin sóttvarnarábreiða, deyfing, saumur, spelkun, sáraumbúðir, saumataka og viðeigandi eftirmeðferð. Við greiðslu á gjaldskrárnúmerum 504-536, 557 og 558 er gerð krafa um að varðveitt sé röntgenmynd af viðkomandi tönn eða svæði fyrir og/eða eftir meðferð eftir því sem við á hverju sinni. Meðferð skal skrá á númer þeirra tanna eða svæða sem við á hverju sinni. Gjaldskrárnúmer 536 skal skrá á númer móttökutannstæðis.

Greiðsla Sjúkratrygginga Íslands vegna fastra tanngerva og tannplanta framan við endajaxla, sbr. 3. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 451/2013 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar skal vera allt að kr. 80.000 á hverju tólf mánaða tímabili, enda hafi meðferðin farið fram á sama tímabili, vegna þeirra sem eru langsjúkur á sjúkrahúsi, hjúkrunarheimili eða hjúkrunnarrými, sbr. 1. tölul. 6. gr. en allt að 60.000 kr. vegna þeirra sem falla undir 6. gr.

- 500 Hæg tönn eða rót dregin, hver tönn.** Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir gjaldskrárnúmer 500-513 fyrir sömu tönn.
- 501 Úrdráttur tannar eða ratar.** Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir gjaldskrárnúmer 500-513 fyrir sömu tönn.
- 502 Hæg tönn eða rót dregin, hver viðbótartönn í sömu aðgerð.** Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir gjaldskrárnúmer 500-513 fyrir sömu tönn.
- 503 Úrdráttur tannar eða ratar, hver viðbótartönn í sömu aðgerð.** Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir gjaldskrárnúmer 500-513 fyrir sömu tönn.
- 504 Uppkomin tönn klofin og fjarlægð.** Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir gjaldskrárnúmer 500-513 fyrir sömu tönn.
- 507 – Tanndeiling og brotnám ratar samhliða flipaaðgerð.** Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir gjaldskrárnúmer 500–513 fyrir sömu tönn.
- 510 Tönn, uppkomin að fullu eða hluta, fjarlægð með skurðaaðgerð.** Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn og mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir eitthvert gjaldskrárnúmera 500-513 fyrir sömu tönn.
- 511 Tönn, beinlæg að hluta, fjarlægð með skurðaaðgerð.** Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn og mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir gjaldskrárnúmer 500–513 fyrir sömu tönn.
- 512 Tönn, beinlæg að fullu, fjarlægð með skurðaaðgerð.** Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn og mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir gjaldskrárnúmer 500–513 fyrir sömu tönn.
- 513 Beinlæg tönn fjarlægð í aðgerð sem er umtalsvert flóknari en 512.** Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn og mest einu sinni fyrir hverja tönn. Greiðist ekki ef áður hefur verið greitt fyrir gjaldskrárnúmer 500–513 fyrir sömu tönn.
- 526 Rótarendaaðgerð (ratarstytting).** Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.
- 528 Fylling í rötarenda samfara aðgerð 526.** Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn.
- 530 Tönn ígrædd og spengd eftir brottfall vegna áverka.** Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn, fyrir hvern tilkynntan áverka.
- 531 Tönn ígrædd og spengd eftir brottfall, viðbótartönn.** Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn, fyrir hvern tilkynntan áverka.
- 532 Tönn rétt og spengd eftir los vegna áverka.** Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn, fyrir hvern tilkynntan áverka.
- 533 Tönn rétt og spengd eftir los vegna áverka, viðbótartönn.** Greiðist mest einu sinni fyrir hverja tönn, fyrir hvern tilkynntan áverka.
- 534 Eftirmeðferð vegna tannáverka.** Greiðist mest þrisvar sinnum á fyrstu tólf mánuðum eftir að greitt var fyrir 530-533.
- 535 Gert að áverkum mjúkvefja.** Greiðist mest einu sinni fyrir hvern tilkynntan áverka.
- 538 Aðskotahlutur fjarlægður úr mjúkvf.** Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.
- 539 Aðskotahlutur fjarlægður úr beini.** Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.
- 545 Beinaaðgerð (torus- eða tuberaðgerð eða aðrar sambærilegar aðgerðir).** Greiðist mest einu sinni á hverjum 12 mánuðum fyrir hvern fjórðung.
- 550 Lítið mein fjarlægt úr mjúkvf.** Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

- 551 Stórt mein fjarlægt úr mjúkvæf (stærra en 1,5 cm).** Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.
- 552 Mein fjarlægt úr mjúkvæf, flókin aðgerð.** Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.
- 553 Lítið belgmein fjarlægt úr beini.** Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.
- 554 Opnað á belgmein og dreini komið fyrir.** Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.
- 556 Lítið æxli fjarlægt úr beini.** Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.
- 557 Tannplanti, fyrsti.** Greiðist mest einu sinni í hverri heimsókn. Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega samkvæmt ákvæðum 8. gr. reglugerðar nr. 451/2013, sbr. hámarksfjárhæð og tilgreind skilyrði í inngangstexta þessa kafla. Greiðist ekki ef minna en tíu ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 557 eða 558 í sama tannstæði.
- 558 Tannplanti, viðbótarplanti á sama aðgerðarsvæði.** Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega samkvæmt ákvæðum 8. gr. reglugerðar nr. 451/2013, sbr. hámarksfjárhæð og tilgreind skilyrði í inngangstexta þessa kafla. Greiðist ekki ef minna en tíu ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 557 eða 558 í sama tannstæði.
- 560 Stórt belgmein fjarlægt úr beini (stærra en 1,5 cm).** Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.
- 561 Stórt æxli fjarlægt úr beini.** Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.
- 562 Æxli fjarlægt úr beini, flókin aðgerð.** Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.
- 567 Kragaaðgerð við tannplanta í tannstæðum 13–23.** Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn og aðeins fyrir tannplanta á fram- og augntannasvæði efri góms tennttra einstaklinga. Verkið skal skrá á númer þeirrar tannar sem tannplantinn leysir af hólmi.
- 568 Kragaaðgerð við viðbótarplanta í tannstæðum 13–23, viðbótarplanti.** Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn og aðeins fyrir tannplanta á fram- og augntannasvæði efri góms tennttra einstaklinga. Verkið skal skrá á númer þeirrar tannar sem tannplantinn leysir af hólmi.
- 685 Endurlíming eldri króna.** Greiðist ekki innan þriggja ára frá því SÍ greiddu fyrir gerð krónu á viðkomandi tönn.
- 570 Vefur saumaður.** Greiðist mest einu sinni fyrir hvern fjórðung munns í sömu heimsókn.
- 571 Upphreinsun á nekrótísku beini, 1-4 tanna bil.** Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.
- 572 Upphreinsun á nekrótísku beini, 5-8 tanna bil.** Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.
- 573 Upphreinsun á nekrótísku beini, meira en 8 tanna bil.** Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.
- 574 Eftirlit eftir upphreinsun á nekrótísku beini.** Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.
- 577 Fyrsti planti í hverjum fjórðungi undir heilgóm.** Greiðist mest einu sinni fyrir hvern fjórðung munns. Greiðist ekki ef minna en tíu ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 557, 558, 577 eða 578 í sama tannstæði.
- 578 Viðbótarplanti undir heilgóm, í sama fjórðung góms og 577.** Greiðist ekki ef minna en tíu ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 557, 558, 577 eða 578 í sama tannstæði.
- 580 Skorið á kýli** Greiðist mest einu sinni í hverri heimsókn.
- 588 Beinrækt samhliða plantaísetningu.** Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.
- 589 Beinrækt, sér aðgerð.** Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt á umsókn.

Krónu- og brúargerð

Greiðsla miðast við að í gjaldskrárnúmerum kaflans sé innifalin röntgenmynd, deyfing, tannskurður, máttaka, bitslípun, líming, frágangur og annað til fullra loka verksins. Gjaldskrárnúmer kaflans greiðast ekki ef minna en tíu ár eru liðin frá því að greitt var fyrir eitthvert gjaldskrárnúmer kaflans, annað en 650, fyrir sömu tönn eða tannstæði. Meðferð skal skrá á númer þeirrar tannar eða tannstæðis sem unnið er við hverju sinni. Greiðsla Sjúkratrygginga Íslands vegna fastra tanngerva og tannplanta framan við endajaxla, sbr. 3. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 451/2013 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar skal vera allt að kr. 80.000 á hverju tólf mánaða tímabili, enda hafi meðferðin farið fram á sama tímabili, vegna þeirra sem eru langsjúkurlingur á sjúkrahúsi, hjúkrunarheimili eða hjúkrunarrými, sbr. 1. tölul. 6. gr. en allt að 60.000 kr. vegna þeirra sem falla undir 6. gr.

614 Steypt keramikskel eða eðalmálmkróna. Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega samkvæmt ákvæðum 8. gr. reglugerðar nr. 451/2013, sbr. hámarksfjárhæð og tilgreind skilyrði í inngangstexta þessa kafla. Greiðist ekki ef minna en tíu ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldnúmer 614 á sömu tönn.

632 Stífishetta undir ásetugóm. Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega samkvæmt ákvæðum 8. gr. reglugerðar nr. 451/2013, sbr. hámarksfjárhæð og tilgreind skilyrði í inngangstexta þessa kafla. Greiðist ekki ef minna en tíu ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldnúmer 614 eða 632 á sömu tönn.

650 Stífisuppygging, köstuð. Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega samkvæmt ákvæðum 8. gr. reglugerðar nr. 451/2013, sbr. hámarksfjárhæð og tilgreind skilyrði í inngangstexta þessa kafla. Greiðist ekki ef minna en tíu ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldnúmer 650 í sömu tönn.

655 Milli- eða svifliður í brú Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega samkvæmt ákvæðum 8. gr. reglugerðar nr. 451/2013, sbr. hámarksfjárhæð og tilgreind skilyrði í inngangstexta þessa kafla. Greiðist ekki ef minna en tíu ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldnúmer 614 eða 655 á sömu tönn.

660 Ætufest brú. Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega samkvæmt ákvæðum 8. gr. reglugerðar nr. 451/2013, sbr. hámarksfjárhæð og tilgreind skilyrði í inngangstexta þessa kafla. Greiðist ekki ef minna en tíu ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldnúmer 680 á sömu tönn.

680 Plantakróna Greiðist án umsóknar fyrir lífeyrisþega samkvæmt ákvæðum 8. gr. reglugerðar nr. 451/2013, sbr. hámarksfjárhæð og tilgreind skilyrði í inngangstexta þessa kafla. Greiðist ekki ef minna en tíu ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldnúmer 680 á sömu tönn.

Heilgóma- og partagerð

Heilgómar og partar, skv. gjaldskrárnúmerum 701 – 704 og 713-716 greiðast ekki ef minna en sex ár eru liðin frá því að munngervi var greitt fyrir svæði munns. Á reikning skal skrá munngervið á númer svæðis munns, samkvæmt ISO staðli 3950, sem smíðað var í. Á sama hátt greiðast fóðranir munngerva ekki ef minna en þrjú ár eru liðin frá því að greitt var fyrir smíði eða fóðrun munngervis á sama svæði munns.

Greiðsla miðast við að í gjaldskrárnúmerum kaflans séu innifaldar röntgenmyndir af stoðtönnum, deyfing, tannskurður, mátttaka, bitslípun, frágangur og annað til fullra loka verksins.

701 Stakur heilgómur

702 Heilgómasett

703 Sárágómur

704 Ásetugómur

711 Bráðabirgðapartur með 1-3 tönnum

712 Bráðabirgðapartur með 4-7 tönnum

713 Stálpertur með einni eða fleiri tönnum

714 Bráðabirgðapartur með fleiri en 7 tönnum

715 Plantagómur í efri góm. Greiðist ekki ef minna en sex ár eru liðin frá því að SÍ greiddu gjaldnúmer 701, 702, 715 eða 716 fyrir sama góm.

716 Plantagómur í neðri góm. Greiðist ekki ef minna en sex ár eru liðin frá því að SÍ greiddu gjaldnúmer 701, 702, 715 eða 716 fyrir sama góm.

721 Fóðrun góms eða parts (relining)

722 Fóðrun góms eða parts (rebasing)

723 Bráðabirgðafóðrun góms

724 Skipt um fóðringu í ásetugómi, hver festa. Greiðist ekki innan 12 mánaða frá því SÍ greiddu fyrir smíði, fóðrun eða endurnýjun fóðringa viðkomandi góms.

729 Stækkun á plastparti um eina eða fleiri tennur

731 Stækkun á stálparti um eina eða fleiri tennur

736 Viðgerðir á stálgrindarpörtum. Greiðist ekki innan þriggja mánaða frá smíði viðkomandi parts.

740 Fóðrun plantagóms. Greiðist ekki innan 36 mánaða frá smíði viðkomandi parts eða heilgóms.

742 Laus tanngervi merkt með kennitölu. Greiðist mest einu sinni fyrir hvorn góm.

744 Lagfæringar á lausum tanngervum úr plasti vegna særinda í slímhúð. Greiðist ekki innan þriggja mánaða frá smíði eða fóðrun tanngervisins.

760 Viðgerð á lausum tanngervum úr plasti. Greiðist ekki innan þriggja mánaða frá smíði eða fóðrun viðkomandi tanngervis eða bitstoðtækis.

Bitlækningar og bittæki

Greiðsla miðast við að í gjaldskrárnúmerum kaflans sé innifalin öll klínísk vinna, aðlögun, eftirfylgni og annað, til fullra loka verksins. Meðferð, aðra en 926, skal skrá á númer þess góms sem unnið er við hverju sinni; 01 eða 02.

921 Bithækkunarplata, slökunargómur. Greiðist ekki ef minna en þrjú ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 921 - 923.

922 Bitspelka, hörð. Greiðist ekki ef minna en þrjú ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 921 - 923.

923 Bithlíf, mjúk. Greiðist ekki ef minna en þrjú ár eru liðin frá því að greitt var fyrir gjaldskrárnúmer 921 - 923.

926 Bitslípun. Greiðist mest einu sinn í hverri heimsókn og mest þrisvar sinnum á hverjum 12 mánuðum.

190, 290, 390, 490, 590, 690, 790 Meðferð, ekki talin annars staðar, skv. umsókn. Í fyrstu sjö flokkum gjaldskrárinnar er eitt gjaldskrárnúmer sem notað er fyrir meðferð, sem ekki verður með góðu móti felld undir önnur gjaldnúmer.

Sjúkratryggingar Íslands skulu meta hvort meðferðin er nauðsynleg og greiðsla heimil samkvæmt anda reglugerðar nr. 451/2013. Greiðist aðeins að undangenginni samþykkt SÍ á umsókn.

Eftirfarandi gögn þurfa að berast Sjúkratryggingum Íslands með umsókn um aðild að rammamningi um tannlækningarvegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma:

- Afrit af starfsleyfi.
- Staðfesting Embættis landlæknis á að viðkomandi tannlæknir uppfylli faglegar lágmarkskröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu.
- Staðfesting váttryggingafélags á að tannlæknir sé með sjúklingatryggingu í gildi.
- Staðfesting váttryggingafélags á að tannlæknir sé með starfsábyrgðartryggingu í gildi ef hann hyggst reka eigin stofu.
- Tannlæknir sem ekki er félagi í Tannlæknafélagi Íslands (TFÍ) þarf að undirrita rammamning um rafræn samskipti, sbr. samning SÍ og TFÍ um rafræn samskipti og aðgerðaskrá.

Þeir tannlæknar sem sækja um aðild að rammamningnum og eru nú þegar í viðskiptum við SÍ þurfa ekki að skila ofangreindum gögnum heldur nægir að senda umsókn um aðild, sbr. eyðublað sem finna má á vefsíðu SÍ.